

Geðhjálp býður félagslega ráðgjöf:  
**Vaxandi þörf**

**HEILBRIGÐISMÁL** Með hliðsjón af markmiðum og vaxandi þörf hefur með samkomulagi milli Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Geðhjálpar verið komið á félagslegri ráðgjöf í húsnæði Geðhjálpar að Túngötu 7.

Félagsráðgjafar veita stuðning og upplýsingar um réttindamál þeirra er til félagsins leita, svo sem um heilsugæslu og Tryggingastofnun ríkisins auk þjónustu Félagsþjónustunnar. Þá er einnig um að ræða beina teng-

ingu við Félagsþjónustuna í Reykjavík fyrir þá einstaklinga sem þess óska. Í samvinnu við starfsfólk Geðhjálpar, þar með talinn sálfræðing félagsins er reglubundið samráð og framgangur um þau mál sem upp koma við Félagsþjónustuna í Reykjavík. Einstaklingar geta fengið nánari upplýsingar og pantað tíma hjá félagsráðgjafa og sálfræðingi á skrifstofu Geðhjálpar eða netfangið: [gedhjalp@gedhjalp.is](mailto:gedhjalp@gedhjalp.is) ■